

Laufskálabyggð úr landi Grafarbakka II

Deiliskipulagsbreyting


Hrunamannahreppur



GILDANDI DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR 1:2000. SAMPYKKT AF SKIPULAGSFULLTRÚA UPPSVEITA ÁRNESSÝSLU 2. NÓVEMBER 2006



BREYTTUR DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR 1:2000



AÐALSKIPULAG HRUNAMANNAREPPS 2016-2032

SKIPULAGSGÖGN OG KORTAGRUNNUR

- Skipulagsgögn:
- Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:2000
 - Uppdráttur úr fyrra deiliskipulagi í mkv. 1:2000
 - Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032
 - Greinargerð

SAMPÝKKTIR

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd þann _____ og í sveitarstjórn þann _____ Lýsingin var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____ Tillagan var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

f.h. Hrunamannahrepps

GREINARGERÐ

INNGANGUR
Í nóvember 2006 var samþykkt deiliskipulag í landi Grafarbakka II í Hrunamannahreppi. Skipulöð var fristundabyggð sem fékk nafnið Laufskálabyggð og gerði ráð fyrir 12 nýjum lóðum.
Í þessari deiliskipulagsbreytingu eru lóðum nr. 1, 2 og 4 breytt ásamt aðkomu að lóðum nr. 1 og 3.
Þá eru settir skipulagsskilmálar fyrir allt svæðið.
AÐKOMA
Aðkoma er frá Hrunavegi (nr. 344). Hrunavegur liggur frá Skeiða- og Hrunamannavegi (nr. 30).
FORNLEIFAR
Engar þekktar fornminjar eru á svæðinu skv. fornleifaskráningu sem unnin var í vegna aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016-2032. Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdatíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns ákvörðun Minjastofnunar liggur fyrir um hvort halda megi áfram og þá með hvaða skilmálum.

BREYTING DEILISKIPULAGS
Deiliskipulagsbreyting þessi tekur mið af stækkun og sameiningu Laufskálabyggðar 2 og 4, ásamt stækkunar Laufskálabyggðar 1.
Einnig breytist aðkoman að þessum lóðum auk Laufskálabyggðar auk þess sem skipulagsskilmálar er varðandi fjölda bygginga og stærðir breytast fyrir allt svæðið.
GILDANDI BYGGINGARSKILMÁLAR
Sumarhúsin skulu byggð úr timbri. Sumarhúsin skulu ekki vera stærri en 100 m2 að grunnfleti. Heimilt er að byggja gestahús/geymslu að stærð 20 m2 innan byggingarreits að auki. Staðsetja skal hús innan byggingareits sem er sýndur á skipulagsuppdrátti í samráði við byggingarfulltrúa. Byggingarreitir eru allir 10 metra frá lóðarmörkum. Þakhalli skal vera á bilinu 30-45°. Hæð mænis skal ekki vera meiri en 8,0 metrar frá jörðu og stefna N-S

BYGGINGARSKILMÁLAR EFTIR BREYTINGU:
Sumarhúsin skulu byggð úr timbri. Á hverri lóð má byggja allt að 200 fm sumarhús og tvö allt að 40 fm gestahús og/eða geymslu en þó innan nýtingarhlutfalls 0,03 á lóðum yfir 5.000 fm og 0,045 á lóðum undir 5.000 fm. Staðsetja skal hús innan byggingareits sem er sýndur á skipulagsuppdrátti í samráði við byggingarfulltrúa. Byggingarreitir eru allir 10 metra frá lóðarmörkum. Þakhalli skal vera á bilinu 30-45°. Hæð mænis skal ekki vera meiri en 8,0 metrar frá jörðu, mænisstefna er frjáls.

LAUFSKÁLABYGGÐ 2 OG 4
Þessar tvær lóðir sameinast undir nafni Laufskálabyggðar 2 og færast lóðarmörkin lengra til norðausturs. Stærð lóðarinnar verður 10.061 m² í stað tveggja 4225 m² lóða. Þrjár aðkomuleiðir verða að lóðinni. Byggingarreitur er 10 metrum frá lóðarmörkum.

LAUFSKÁLABYGGÐ 1 OG 3
Lóð Laufskálabyggðar 1 verður stækkuð og færast lóðarmörk lengra til norðausturs, í samræmi við lóðarmörk Laufskálabyggðar 2 og 4. Laufskálabyggð 1 stækkar úr 6244 m² í 7395 m². Byggingarreitir Laufskálabyggðar 1 og 3 eru 10 metrum frá lóðarmörkum.
Aðkoma lóðarinnar færast nær gatnamótunum inn í fristundabyggðina. Vegna þessa færast aðkoma Laufskálabyggðar nr. 3 sunnar inn í byggðina en samkvæmt deiliskipulagi liggur aðkoma að þessum lóðum saman.
Að öðru leyti halda skilmálar gildandi skipulags.

Breyting að lokinni auglýsingu
Fellð eru út viðbótar gestahús á lóð 2. Þá skulu skipulagsskilmálar taka yfir allt svæðið, í samræmi við bókun sv.stjórnar frá 12 ág. 2021 og 13.jan.2022. Krafa um mænisstefnu er felld út úr skipulagi.

- SKÝRINGAR**
- Lóð
 - Byggingareitir húsa
 - Núverandi byggingar
 - Bílastæði til skýringar
 - Mörk deiliskipulagsreits
 - Lóðarmörk
 - 10 Lóðarnúmer
 - Rotþró



Grafarbakki II Hrunamannahreppur Deiliskipulagsbreyting			
VERK:	BLADSTÆRÐ:	UNNIÐ:	RÝNT:
9113-001/9114-001	A2	HHB/VP/H	SOS/GH
MÆLIKVARÐI:	DAGS:	DAGS.BREYTT:	
1:2000	24.06.2021	19.01.2022	
SAMPÝKKT:			